

Að því viðbættu, að hið umrædda lagafrumvarp var samþykkt í neðri deild alþingis með 20 atkvæðum gegn 3 og í efri deild með 6 atkvæðum gegn 4, leyfi jeg mjer lotningarfyllst að skjóta því til úrskurðar hins háa ráðaneytis, hvort frumvarpið geti álitizt til þess fallið að verða að lögum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 172
um ágreining um skilning á lögum 23. febr. 1894. — Með þóknanlegu brjefi, 16. marz dagsettu 28. f. m., hafið þjer, herra amtmáður, sent hingað erindi, þar sem bæjarfógetinn í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnarinnar áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 14. desember f. á., út af ágreiningi milli bæjarstjórnarinnar og hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi um skilning á lögum um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur, dagsettum 23. febrúar 1894, 2. gr., að því er snertir fyrir-mæli tjeðrar lagagreinar um, að Reykjavíkurbær skuli taka að sjer tiltekinn hluta af ómagaframfærslu hreppsins.

Út af þessu skal jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þar sem ágreiningur sá, sem eptir framansögðu hefir verið skotið til úrlausnar af hálfu umboðsvaldsins, er ekki í raun og veru um framfæri þurfamanns eða þurfamanna, heldur um rjettan skilning á fyrirmælum fyrnefndra laga um það, hvað bæjarfjelag Reykjavíkur eigi að inna af hendi til hreppsfjelags Seltjarnarness sem uppbót fyrir tekjumissi, orsakaðan af því, að 2 bæir eru lagðir frá hreppnum til bæjarins, og lögin hafa ekki falið umboðsvaldinu að skera úr ágreiningi um skilning þeirra, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að það beri eins undir dómstólana að skera úr ágreiningi um skilning ákvæðisins um hluttöku bæjarins í ómagaframfærslu hreppsins eins og úr hverjum öðrum ágreiningi um skilning laganna

Reikningur

173

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins niunda frá 1. septbr. 1895 til 31. ágúst 1896.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar 1. september 1895:			
	a.	Innritunarskirteini Ltr. A. fol. 84	kr. 8600,00	
	b.	í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 741,50	9341 50
2.	Ársvextir af innstæðu sjóðsins:			
	a.	af innritunarskirteini til ¹¹ / ₁₂ '95 og ¹¹ / ₆ '96	— 301,00	
	b.	af innstæðu í landsbankanum til ³¹ / ₁₂ '95	— 30,27	331 27
			Samtals kr. 9672 77	

Gjöld:

174

1.	Heiðursgjafir veittar:			
	a.	Jóni Magnússyni á Snæfoksstöðum	kr. 140,00	
	b.	Daníel Jónssyni á Eiði	— 140,00	280 00
2.	Eptirstöðvar 31. ágúst 1896:			

31. dag desbr.mán. 1896.

173	a. Innritunarskirteini Ltr. A. fol. 84	kr. 8600,00	
	b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 792,77	9392 77
			Samtals kr. 9672 77

Lh. Reykjavík 20. desember 1896.

Magnús Stephensen.

174

Reikningur

yfir tekjur og gjöld fiiskimannasjóðs Kjalarnessþings 1896.

Tekjur:

1.	Sjóður við ársbyrjun:		
	a. veðskuldabryjef	kr. 8050 00	
	b. í sparisjóði	— 109 43	8159 43
2.	Gjöf frá C. V. R. Lotz (sjá Stj.tíð. 1896 B. bls. 12)	kr. 5000 00	
3.	Vextir:		
	a. af veðskuldabryjefum	kr. 322 00	
	b. í sparisjóði	— 3 57	325 57
			Samtals kr. 13485 00

Gjöld:

1.	Veittur styrkur	kr. 360 00	
2.	Gjald fyrir auglýsing	— 1 40	
3.	Sjóður við árslok		
	a. veðskuldabryjef	kr. 13050 00	
	b. í sparisjóði	— 73 60	13123 60
			Samtals kr. 13485 00

Bæjarfógetinn í Reykjavík 31. desember 1896.

Halldór Danielsson.

175

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Landsbankans fyrir árið 1895.

Tekjur:

1.	Í sjóði 1. janúar 1895	kr. 97753 27	
2.	Borgað af lánum :		
	a. Fasteignarveðslán	kr. 139400 38	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 123054 06	
	c. Handveðslán	— 14538 48	
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o.fl. —	5111 30	
	e. Akkreditivlán	— 350 00	— 282454 22
3.	Fasteign útlögð bankanum fyrir láni að upphæð	— 1215 00	
4.	Vixlar innleystir	— 441857 34	
5.	Ávísanir innleystar	— 59825 08	
			Flyt kr. 883104 91